

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

198. fundur

Föstudaginn 15. ágúst 2014 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. á Hesthálsi 14, Reykjavík og hófst hann kl. 8:35.

Mætt voru:

Bryndís Haraldsdóttir, Sigrún Edda Jónsdóttir, Kristín Soffía Jónsdóttir, Theódóra S. Þorsteinsdóttir, Einar Birkir Einarsson og Almar Guðmundsson.

Fundinn sat einnig Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætó.
Fundarritari var Bergdís I. Eggertsdóttir, verkefnastjóri Strætó.

Tekið fyrir:

1. Árshlutareikningur 30.06.2014

Farið var yfir árshlutauppgjör Strætó fyrir fyrstu 6 mánuði ársins. Afkoma er í takt við áætlun og var árshlutauppgjórið samþykkt og undirritað.

Kristín Soffía Jónsdóttir þurfti að yfirgefa fundinn kl. 8:55.

2. Forsenduáætlun Strætó vegna fjárhagsáætlunar 2015

Framkvæmdastjóri kynnti minnisblað stjórnenda Strætó um forsenduáætlun vegna fjárhagsáætlunar 2015 og yfirför helstu þætti minnisblaðsins. Formanni stjórnar er falið viðræður við sveitarféllögin vegna þessa máls.

3. Endurskoðun ráðningarsamnings framkvæmdastjóra

Stjórn Strætó bs. felur formanni stjórnar að skoða málið betur og taka upp aftur síðar.

4. Starfsáætlun stjórnar

Starfsáætlun stjórnar var samþykkt.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Næsti fundur stjórnar er ákveðinn 29. ágúst 2014

Fundi slitið kl. 10:05.

Bryndís Haraldsdóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir

Theódóra S Þorsteinsdóttir

Sigrún Edda Jónsdóttir

Einar Birkir Einarsson

Almar Guðmundsson

Strætó bs

Árshlutareikningur 30. júní 2014

Strætó bs.
Þönglabakka 4
Pósthólf 9140
129 Reykjavík

Kt. 500501-3160

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra.....	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda.....	4
Rekstrarreikningur.....	5
Efnahagsreikningur.....	6
Sjóðstreymisyfirlit.....	8
Skýringar.....	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Strætó bs. er byggðasamlag og er tilgangur þess að sjá um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

Eigendur byggðasamlagsins eru sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu; Reykjavík (60,3%), Kópavogur (14,6%), Hafnarfjörður (12,5%), Garðabær (6,24%), Mosfellsbær (4,07%) og Seltjarnarnes (2,29%)

Rekstrarafgangur Strætó á fyrstu sex mánuðum ársins 2014 var um 112 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Handbært fé í lok tímabilsins var tæp 1.278 m.kr. sem m.a verður notað til að fjárfesta í nýjum strætisvögnum.

Í júlí var skrifað undir samning um kaup á 20 nýjum strætisvögnum, fyrir um 690 m.kr. Vagnarnir verða afhentir í kringum næstu áramót. Við undirritun á samningnum var greiddur um þriðjungur af kaupverði vagnanna og eftirstöðvarnar verða síðan greiddar við afhendingu þeirra í lok ársins. Með þessari fjárfestingu og kaupum á 12 nýjum vögnum í lok árs 2013 hefur verið stigið mikilvægt skref í reglubundinni endurnýjun á vagnaflotanaum. Gert er ráð fyrir að allur vagnafloti Strætó verði endurnýjaður á næstu árum.

Eigið fé í lok júní nam um 1.425 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi og var eiginfjárlutfallið 59%, en vísað er að öðru leyti til skýringa í árshlutareikningnum varðandi breytingar á eiginfjárreikningum.

Í lok tímabilsins störfuðu 311 manns hjá félaginu í um 247 stöðugildum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Strætó bs. staðfesta hér með árshlutareikning Strætó bs. 30.06 2014 með undirskrift sinni.

Reykjavík, 15. ágúst 2014.

Stjórn Strætó bs.:

Framkvæmdastjóri:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Strætó bs.

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning Strætó bs. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2014, sem hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun er talsvert umfangsminni en endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, fjárhagsstöðu þess 30. júní 2013 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 15. ágúst 2014.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2014

		1.1-30.06 2014	1.1-30.06 2013
Rekstrartekjur			
Fargjöld		614.355.227	589.557.682
Rekstrarframlög eignaraðila		1.423.053.505	1.349.002.693
Ríkisframlag	12	411.062.107	451.421.429
Útseld þjónusta.....		39.684.464	31.889.000
Aðrar tekjur		1.615.220	6.162.720
Rekstrartekjur samtals		<u>2.489.770.523</u>	<u>2.428.033.524</u>
Rekstrargjöld			
Rekstur vagna	3	1.140.689.756	1.120.941.262
Aðkeyptur akstur og tengdur kostnaður.....		909.167.019	855.851.993
Kostnaður við útselda þjónustu		36.224.340	31.889.000
Annar rekstrarkostnaður.....	4	226.086.022	216.733.391
Rekstrargjöld samtals		<u>2.312.167.137</u>	<u>2.225.415.646</u>
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir.....		<u>177.603.386</u>	<u>202.617.878</u>
Afskriftir	5	64.099.259	57.188.685
Rekstrarafkoma.....		<u>113.504.127</u>	<u>145.429.193</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur.....		19.674.611	13.679.781
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur		(21.461.867)	(22.855.775)
		<u>(1.787.256)</u>	<u>(9.175.994)</u>
Afkoma tímabilsins.....		<u>111.716.871</u>	<u>136.253.199</u>

Efnahagsreikningur

		30.06.2014	31.12.2013
Eignir			
Strætisvagnar og önnur ökutæki		827.471.505	889.122.545
Áhöld og tæki.....		17.400.451	19.251.652
Fasteignir.....		45.102.893	45.699.911
Fastafjármunir samtals	5	<u>889.974.849</u>	<u>954.074.108</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	6	93.946.378	88.330.293
Skammtímakröfur			
Viðskiptakröfur	7	161.230.322	227.129.343
Aðrar skammtímakröfur	8	5.875.268	16.931.273
Handbært fé.....		1.277.654.337	904.182.539
Veltufjármunir samtals		<u>1.538.706.305</u>	<u>1.236.573.448</u>
Eignir samtals		<u>2.428.681.154</u>	<u>2.190.647.556</u>

30. júní 2014

	Skýr.	30.06.2014	31.12.2013
Eigið fé			
Framlag eigenda		900.018.011	900.018.011
Óráðstafað eigið fé		525.127.129	413.410.256
Eigið fé samtals	10	<u>1.425.145.140</u>	<u>1.313.428.267</u>
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir		370.928.976	419.050.069
Næsta árs afborgun.....		(97.924.286)	(105.161.190)
Langtímaskuldir samtals	11	<u>273.004.690</u>	<u>313.888.879</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir.....	9	305.845.323	297.445.322
Næsta árs afborgun langtímalána.....	11	97.924.286	105.161.190
Aðrar skammtímaskuldir		326.761.715	160.723.898
Skammtímaskuldir samtals		<u>730.531.324</u>	<u>563.330.410</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>1.003.536.014</u>	<u>877.219.289</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>2.428.681.154</u>	<u>2.190.647.556</u>

Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2014

	1.1-30.06 2014	1.1-30.06 2013
Rekstrarhreyfingar		
Rekstrarniðurstaða ársins	111.716.871	136.253.199
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir.....	64.099.259	57.188.685
Verðbætur og gengismunur.....	4.133.027	6.101.605
Veltufé frá rekstri	<u>179.949.157</u>	<u>199.543.489</u>
Breytingar rekstrartengda eigna og skulda:		
Birgðir, lækkun (hækkun)	(5.616.085)	14.700.956
Viðskiptakröfur (hækkun).....	76.955.030	(25.975.163)
Skammtímaskuldir, hækkun	174.437.818	139.311.362
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda	<u>245.776.763</u>	<u>(11.274.207)</u>
Handbært fé frá rekstri	<u>425.725.920</u>	<u>188.269.282</u>
Fjárfestingarhreyfingar		
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	0	0
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	<u>0</u>	<u>0</u>
Fjármögnunarhreyfingar		
Afborganir langtímalána	(52.254.122)	(66.616.561)
Fjármögnunarhreyfingar	<u>(52.254.122)</u>	<u>(66.616.561)</u>
Breyting á handbæru fé	373.471.798	121.652.721
Handbært fé í ársbyrjun	<u>904.182.539</u>	<u>820.468.325</u>
Handbært fé í lok tímabilsins	<u>1.277.654.337</u>	<u>942.121.046</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur Strætó bs. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareiknings krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur eru endurskoðaðar reglulega og eru áhrifin af breytingum færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

c. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á þjónustu og vöru eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Innheimt rekstrarframlög og tekjur vegna sölu á miðum og kortum eru tekjufærðar í samræmi við innborganir.

d. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningstímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

e. Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann myndast.

f. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

g. Birgðir

Rekstrarvörubirgðir í lok tímabils eru metnar á innkaupsverði.

h. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

i. Tekjuskattur

Byggðasamlagið er undanþegið tekjuskattsskyldu.

i. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

Skýringar, frh.:

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	1.1-30.06 2014	1.1-30.06 2013
Laun	736.258.246	688.465.884
Launatengd gjöld	164.490.124	151.697.153
	<u>900.748.370</u>	<u>840.163.037</u>
Meðalfjöldi stöðugilda á tímabilinu	234	226

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins námu alls um 10 m.kr. á tímabilinu.

Í lok tímabilins störfuð 311 manns hjá Strætó b. í um 246,5 stöðugildum.

3. Rekstur vagna

	1.1-30.06 2014	1.1-30.06 2013
Akstur og rekstur vagna	1.096.819.207	1.077.793.120
Rekstur húsnæðis, Hesthálsi og endastöðvar	43.870.549	43.148.142
	<u>1.140.689.756</u>	<u>1.120.941.262</u>

4. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinast þannig:	1.1-30.06 2014	1.1-30.06 2013
Yfirstjórn, fjármálasvið og annar samrekstur	118.654.689	107.302.701
Farþegaþjónusta og skipulagssvið	107.431.333	109.430.690
	<u>226.086.022</u>	<u>216.733.391</u>

5. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Strætisvagnar og önnur ökutæki	Áhöld, tæki og búnaður	Fasteignir	Samtals
Heildarverð 1.1.2014	1.764.745.910	82.709.543	59.701.627	1.907.157.080
Afskrifað 1.1. 2014	(875.623.365)	(63.457.891)	(14.001.716)	(953.082.972)
Bókfært verð 1.1.2014	889.122.545	19.251.652	45.699.911	954.074.108
Viðbót á tímabilinu	0	0	0	0
Afskrifað á árinu	(61.651.040)	(1.851.201)	(597.018)	(64.099.259)
Bókfært verð 30.06.2014	<u>827.471.505</u>	<u>17.400.451</u>	<u>45.102.893</u>	<u>889.974.849</u>
Heildarverð 1.1.2014	1.764.745.910	82.709.543	59.701.627	1.907.157.080
Afskrifað samtals 30.06.2014	(937.274.405)	(65.309.092)	(14.598.734)	(1.017.182.231)
	<u>827.471.505</u>	<u>17.400.451</u>	<u>45.102.893</u>	<u>889.974.849</u>
Afskriftahlutföll	8-12%	15%	2%	

	Fasteignamat	Vátryggingarverðmæti	Bókfært verð
Þönglabakki 4	60.450.000	102.615.000	45.102.893

Vátryggingaverðmæti áhalda og tækja nam samtals um 61 m. kr. í lok tímabilsins, bókfært verðmæti áhalda og tækja var um 17,4 m.kr. í lok tímabilsins.

Vátryggingaverðmæti strætisvagna nam samtals um 1.602 m.kr. í árslok 2013, bókfært verðmæti vagna í lok árs var um 827,5 m.kr.

Skýringar, frh.:

6. Vörubirgðir

	30.06.2014	31.12.2013
Olía	9.353.559	6.250.777
Varahlutir	84.592.819	82.079.516
	<u>93.946.378</u>	<u>88.330.293</u>
Vátryggingaverðmæti birgða	98.410.000	98.410.000

7. Viðskiptakröfur

	30.06.2014	31.12.2013
Viðskiptamenn	130.660.761	198.159.665
Viðskiptamenn - Ferðapjónusta fyrir fatlaða	19.280.016	17.988.491
Greiðslukortafyrirtæki og aðrar skammtímakröfur	25.779.545	25.471.187
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(14.490.000)	(14.490.000)
	<u>161.230.322</u>	<u>227.129.343</u>
Niðurfærsla viðskiptakrafna:	30.06.2014	31.12.2013
Niðurfærsla viðskiptakrafna í ársbyrjun	14.490.000	4.090.000
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu	0	10.400.000
Niðurfærsla viðskiptakrafna í árslok	<u>14.490.000</u>	<u>14.490.000</u>

Viðskiptakröfur hafa verið niðurskrifaðar um tæplega 14,5 m.kr., sem nemur um 6% af viðskiptakröfum félagsins í lok tímabilsins.

8. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur sundurliðast þannig:	30.06.2014	31.12.2013
Endurgreiðsla olíugjalds	5.875.268	12.181.744
Aðrar skammtímakröfur	0	4.749.529
	<u>5.875.268</u>	<u>16.931.273</u>

9. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir sundurliðast þannig:	30.06.2014	31.12.2013
Viðskiptaskuldir	258.460.726	254.078.041
Viðskiptaskuldir - Ferðapjónusta fyrir fatlaða	47.384.597	43.367.281
	<u>305.845.323</u>	<u>297.445.322</u>

Skýringar, frh.:

10. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Eiginfjárframlag rekstraraðila	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2014	900.018.011	413.410.257	1.313.428.268
Rekstrarafkoma tímabilsins		111.716.872	111.716.872
Staða 30.06.2014	900.018.011	525.127.129	1.425.145.140

Hlutfall 2013

Garðabær	6,24%	56.161.124	32.767.933	88.929.057
Hafnarfjörður	12,50%	112.502.251	65.640.891	178.143.143
Kópavogur	14,60%	131.402.630	76.668.561	208.071.190
Mosfellsbær	4,07%	36.630.733	21.372.674	58.003.407
Reykjavík.....	60,30%	542.710.861	316.651.659	859.362.519
Seltjarnarnes	2,29%	20.610.412	12.025.411	32.635.824
	100,00%	900.018.011	525.127.129	1.425.145.140

11. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

	Vextir	30.06.2014
Lánasjóður sveitarfélaga, verðtryggt	5,60%	42.632.454
Arionbanki hf., verðtryggt	5,20%	231.625.768
Íslandsbanki hf., óverðtryggt	7,25%	96.670.754
		370.928.976

Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár:

1.7.2014 - 30.06.2015	97.924.286
1.07 - 31.12.2015	50.201.384
Árið 2016	100.402.767
Árið 2017	100.402.767
Síðar	21.997.771
	370.928.976

12. Ríkisframlag

Í maí 2012 var áritaður samstarfssamningur milli ríkissjóðs og eigenda Strætó bs. og eru markmið og tilgangur samningsins m.a. eftirfarandi:

- Að tvöfalda a.m.k hlutdeild almenningsgangna í öllum ferðum sem farnar eru á höfuðborgarsvæðinu
- Að vinna að lækkun á samgöngukostnaði heimila og samfélagsins vegna umferðar og slysa
- Að stuðla að auknu umferðaröryggi
- Að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá landsamgöngum

Til að ná fram markmiðum samningsins mun Strætó bs. fá mánaðarlegt framlag frá ríkissjóði fram til ársins 2022. Gert er ráð fyrir að Strætó bs. fái um 822 m.kr. samkvæmt samningnum á árinu 2014.

13. Önnur mál

Höfðað hefur verið mál á hendur Strætó bs. fyrir héraðsdómi af aðila sem ekki var samið við eftir útboð á akstri á almenningsvögnum á ákveðnum leiðum á höfuðborgarsvæðinu og var málið þingfest 18. desember 2012. Stefnandi krefst þess að fá 530 m.kr. í skaðabætur vegna missis meints hagnaðar en Strætó bs. hefur hafnað kröfunni á grundvelli þess að því hafi verið skylt að taka lágsta boði annars þáttakanda í útboðinu og því eigi bótakrafan sér ekki lagastoð. Á árinu 2014 hefur einnig verið þingfest sambærilegt mál frá öðrum aðila vegna sama útboðs en Strætó hefur einnig hafnað kröfum þess aðila á sömu forsendum. Næsta fyrirtaka í báðum þessum málum verður í september 2014 en óvíst er um endanleg málalok þeirra.